

**Ed.**

#### **44. Frumvarp**

til laga um breyting á sveitarstjórnarlögum frá 10. nóv. 1905.

Flutningsmaður: Björn Kristjánsson.

##### 1. gr.

36. gr. og fyrri málsgr. 37. greinar sveitarstjórnarlaganna orðist svo:

Hreppsnefnd skal á ári hverju í októbermánuði gera áætlun um allar tekjur og útgjöld hreppsins yfirstandandi fardagaár, og að því leyti, sem aðrar tekjur hreppsins hrökkva eigi fyrir útgjöldum, jafna niður eftir efnum og ástæðum sem aukaútsvari því, sem vantar, á alla þá, sem eiga lögheimili eða hafa fast aðsetur í hreppnum eigi skemur en þrjá mánuði. Þeir skulu greiða þar tult gjald eftir öllum efnahag sínum, nema þeir á gjaldárinu hafi líka haft fast aðsetur annarsstaðar og galdið þar útsvar; þá skal frá ársútsvarinu draga tiltölulega við þann tíma, er þeir dvöldu annarsstaðar, þó ekki meira en þeir guldu þar.

Ef rekin er í hreppnum atvinna, sem talin er sjerstaklega arðsöm, svo sem verslun, kaupskapur, þilbátaútgerð eða bátfiski, þá má leggja á þá atvinnu aukaútsvar, þótt ekki sje rekin nema í vikur og atvinnurekandiun eigi heimili annarsstaðar. Einnig má leggja útsvar á hvalveiði, sildveiði með nótt, á atvinnu útlendra skipa við verkun á sild á höfnum inni eða í landhelgi, laxveiðiafnot, hvort sem laxveiðin er rekin sem atvinna eða að eins til skemtunar, og á hvern hátt sem veiðin er stunduð, ábúð á jörð eða jarðarhluta, leiguliðanot af jörð, svo sem slægjuafnot, þótt engin ábúð fylgi, og lóðararafnot, sem einhvern arð gefa, þótt sú atvinna sje rekin enn styttri tíma. Útsvör þessi skulu vera hæfileg eftir tímalengd og í samanburði við innsveitarmenn, og skal formaður hafa greitt útsvar fyrir skip sitt áður en hann fer brott.

Á kaupfjelög og pöntunarfjelög má leggja aukaútsvar, ef þau hafa leyst borgarabryf og hafa sölubúð og vörur til sölu, svo sem hæfa þykir eftir árlegri veltu og arði í söludeild fjelagsins.

## 2. gr.

Sýslunefnd getur enga ályktun gert, nema meira en helmingur allra nefndarmanna (að oddvita meðtöldum) sje viðstaddur. A nefndarfundum ræður afl atkvæða.

## 3. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 50, 28. nóv. 1919, og öll önnur ákvæði, sem koma í bága við þessi lög.

## Ástæður.

Frumvarp þetta er flutt eftir tilmælum hreppsnefndar Mosfellshrepps að nokkru leyli og að öðru leyti eftir ósk hreppsnefndar Miðneshrepps. Segir svo meðal annars í brjefi hinnar fyrnefndu hreppsnefndar til Alþingis:

»36. gr. sveitarstjórnarlaganna 10. nóv. 1905 hefir hvað eftir annað verið breytt, með þeirri hugsun að gera hana ljósari og að auka við starfsgreinum, fyrirtækjum og gjaldstofnum, sem vafi þótti á, að útsvarsskylda næði til eftir fyrra orðalagi greinarinnar. Síðasta breytingin er frá 1919 (28. nóv.). Þar segir:

»Einnig má leggja útsvar á hvalveiði, sildveiði með nót, á atvinnu útlendra skipa við verkun á sild á höfnum inni eða í landhelgi, laxveiðifnot« o. s. frv.

Nú hafa nýlega fallið úrskurðir og dómur, einn í hæstarjetti, út af útsvarsskyldu laxveiðinotenda, er veitt hafa á stöng og aðallega starfrækt veiðina sem skemtun, og hafa þessir úrskurðir eða dómur komist að þeirri niðurstöðu, að laxveiðinotendur þessir væru ekki útsvarsskyldir, vegna þess, að veiðin væri ekki stunduð sem atvinna, ekki rekin »í atvinnuskyni«. Úrskurður frá 22. des. s. l. frikennir mann, sem telur sig ábúanda jarðar, frá útsvarsskyldu af laxveiðinni, er þeirri svo nefndu ábúdarjörð hans fylgir, vegna þess, að hann hefir ekki rekið veiðina »í atvinnuskyni« heldur »að eins á stöng sjer til skemtunar«.

Í meðvitund almennings og í daglegu máli eru laxveiðinot ætíð skoðuð sem atvinna, talin atvinnuvegur, á hvern hátt sem veiðin er rekin, stunduð eða hagnýtt. Sá skilningur hefir og komið fram á Alþingi, og virðist svo sem þingmenn hafi ekki látið sjer til hugar koma, að orðið »atvinna« í lögum yrði af dómendum skilið svo, að það þýddi: lífsframdráttarvinna og ekkert annað.

Laxveiði hefir víða verið arðsömustu hlunnindi jarðar, stórum aukið tekjur og gjaldþol eigenda eða ábúenda, og því verið drjúgur tekjustofn sveitarsjóðanna. En nú eru þessi hlunnindi víða fráskilin jörðunum, orðin sjer-eign efnamanna, er nota veiðina til arðs og skemtunar. Svo er um arðsömustu laxveiðinotin hjer í Kjósarsýslu og víðar, og eru eigendur og notendur búsettir í öðrum sveitarfjelogum eða erlendis. Sumir eigendur selja veiðirjettinn á leigu, leigjandinn selur aftur veiðinotin á leigu (fyrir stöng á dag, t. d.

Ellíðaár) o. s. frv. Í Ellíðaám hefir »stöng á dag« kostað 20 kr., en góðir veiðimenn hafa þó, jafnframt skemtuninni, rekið veiðina sem arðsama atvinnu; dæmi til 160–170 kr. á dag. En dómstólarnir dæma öll slík laxveiðifnot útsvarsfriðs, og tapa sveitarsjóðirnir þannig einum besta tekjustofni sínum.

Vjer leyfum oss nú, með virðingu og trausti, að beina þeirri ósk til hins háa Alþingis, að það, nú þegar á yfirstandandi þingi, geri þá breytingu á orðalagi 1. gr. laga nr. 50, 28. nóv. 1919, að skýrt og ótvírætt komi fram, að laxveiðinot sjeu útsvarsskyld til sveitarsjóðs, i hlutfalli við aðra tekjustofna sveitarfélagsins, hvernig og i hverju skyni sem veiðin er stunduð eða hagnýtt.

Hreppsnefndin i Miðneshreppi fer fram á, að felt sje burtu ákvæðið úr 1. gr. laga 28. nóv. 1919, um að eigi megi leggja aukaútsvar á útvegsmenn úr öðrum hreppi i sama sýslufjelagi, eða við sama fjörð eða flóa, sem útræðið er i, o. s. frv. Kemur þetta ákvæði mjög illa niður á þessum hreppi, þar sem mótorbátar, jafnvel úr öðrum sýslum, ganga þar alla vetrarvertiðina (i Sandgerði) án þess hægt sje að leggja aukaútsvar á þá útgerð.